



**BA-ritgerð
í lögfræði**

Fjölmiðlar í réttarríki

Hvar liggja mörk fjölmiðla í umfjöllun kæru- og sakamála með tilliti til meginreglu réttarríkisins um sakleysi uns sekt er sönnuð?

Sandra Mjöll Markúsdóttir

Leiðbeinandi: Friðrik Árni Friðriksson Hirst, hdl.

Apríl 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð
í lögfræði**

Fjölmiðlar í réttarríki

Hvar liggja mörk fjölmiðla í umfjöllun kæru- og sakamála með tilliti til meginreglu réttarríkisins um sakleysi uns sekt er sönnuð?

Sandra Mjöll Markúsdóttir

Leiðbeinandi: Friðrik Árni Friðriksson Hirst, hdl.

Apríl 2018

EFNISYIRLIT

1	Inngangur	2
2	Réttarríki	2
2.1	Réttarríkið Ísland	3
3	Meginreglan um réttinn til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð	4
3.1	Meginreglan í stjórnarskránni	4
3.2	Meginreglan í settum lögum og alþjóðasamningum.....	5
3.3	Hlutverk dómstóla að skera úr um sekt.....	6
3.4	Réttur til réttlátrar málsmeðferðar	6
4	Togstreita fjölmiðla og réttarins til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð	7
4.1	Inngangur	7
4.2	Hlutverk, ábyrgð og skyldur fjölmiðla.....	7
4.2.1	Siðareglur fjölmiðla	9
4.3	Tjáningarfrelsi fjölmiðla	10
4.3.1	Togstreita tjáningarfrelsis fjölmiðla og friðhelgi einkalífs	12
4.4	Umfjöllun fjölmiðla um kæru- og sakamál.....	15
4.4.1	Birting togstreitunnar í íslenskri dómaframkvæmd	17
5	Niðurstaða	21
	Heimildaskrá.....	24

1 Inngangur

Erfitt er að hugsa sér samfélag án fjölmiðla. Fjölmiðlar gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í nútíma samfélagi og hafa vísast gert frá upphafi. Fjölmiðlar miðla upplýsingum til almennings og er hans helsta upplýsingaveita um mál málanna hverju sinni. Vegna þessa njóta þeir verulega ríks tjáningarfrelsis sem viðurkennt hefur verið oft og mörgum sinnum bæði af Hæstarétti Íslands og Mannréttindadómstól Evrópu.¹ Það kemur þó reglulega fyrir að fjölmiðlar, í frásögnum sínum, reiði sig um of á tjáningarfrelsi sitt og brjóti gegn einu af því mikilvægasta sem hver maður í réttarríki á ótvíræðan og sjálfsagðan rétt til; mannréttindum hans.

Það hafa líklega flestir einhvern tímann heyrt orðatiltækið um að maður sé saklaus uns sekt hans hafi verið sönnuð. Það er þó ekki víst að allir geri sér grein fyrir því að setning þessi lýsir sjálfsagðri meginreglu sem gildir í sérhverju réttarríki og felur nánar tiltekið í sér mannréttindi sem varin eru af æðstu réttarheimild landsins, stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1994, sbr. 2. mgr 70. gr. hennar. Reglan á sér langa sögu í íslenskum rétti. Hún hefur átt sér lagastoð hér á landi í um það bil 300 ár en hún kom þó fyrst inn í stjórnarskrána árið 1995.² Þá hefur meginreglan viss tengsl við grundvallarregluna um friðhelgi einkalífs, sem vernduð er af 71. gr. stjórnarskrárinnar, og önnur ákvæði almennra laga sem vernda mannorð og æru manna, sem sjá má af dómaframkvæmd og gerð verður nánari grein fyrir í ritgerðinni.

Í þessari ritgerð verður leitast við að skoða hvernig umfjöllun fjölmiðla um sakamál horfir við meginreglu réttarríkisins um að maður skuli talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð. Þá verður dómaframkvæmd Hæstaréttar skoðuð sem og nýlegt mál héraðsdóms Reykjaness þar sem tekist hefur verið á um hagsmuni fjölmiðla annars vegar til þess að tjá sig um sakamál og hins vegar friðhelgi einkalífs grunaðra manna og rétt þeirra til þess að teljast saklausir þar til dómstóll hefur skorið úr um sekt þeirra eða sýknu.

2 Réttarríki

Hugtakið réttarríki skýrir sig að ýmsu leyti sjálft. Hugtakið ber með sér að rétturinn ríki í ríki réttarins. Venjan er að hugtakið sé notað í þrengri merkingu en þá er inntak réttarríkishugtaksins það að valdhöfum ríkis er stjórnað af lögum og geðþóttavaldi handhafanna er hafnað. Í því felst nánar tiltekið að valdhafarnir eru bundnir af lögnum og eru háðir þeim, rétt eins og lýðurinn. Athafnir ríkisvaldsins verða að eiga sér stoð í lagaheimild en ella eru þær ólöglegar. Ein

¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 385.

² Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 390.

grundvallarhugmynd réttarríkisins er að fólk geti séð fyrir, af lestri laganna, hvaða háttsemi það má viðhafa án þess að sú háttsemi verði virt þeim til sakar.³

Réttarríkishugtakið hefur hvoru tveggja formlega og efnislega merkingu. Upprunalega hafði það aðeins formlega merkingu, til að mynda að lögin væru framvirk og að þau væru birt almenningi. Það kom þó í ljós á 20. öld að formleg merking hugtaksins dugði ekki til þess að koma í veg fyrir að mannréttindabrot yrðu framin í réttarríkjum. Var hugtakinu því ljáð efnisleg merking en hún gerir þá kröfu að efni laganna veiti viðurkenndum mannréttindum siðmenntaðra þjóða viðeigandi vernd. Er því ekki hægt að telja ríki sem réttarríki ef það brýtur gegn mannréttindum þrátt fyrir að það byggi mannréttindabrotin á lagaheimild sem samþykkt hefur verið á réttmætan hátt.⁴

Hægt er að skilgreina hugtakið annars vegar út frá lagalegri merkingu þess og hins vegar út frá stjórnámálmörkingu þess. Lagaleg merking hugtaksins er sú sem er nefnd hér að ofan, en talað er um stjórnámálalega merkingu þess þegar hagsmunir réttarríkisins eru fólgnir í því að valdamiklir aðilar í samfélaginu hlýði lögum. Má í því sambandi nefna til dæmis Seðlabankann og stéttarfélag. Þá má spyrja sig hvort til greina komi að tala um fjölmiðla sem valdamikla aðila í samfélaginu. Fyrir því væri hægt að færa rök en það er að minnsta kosti hægt að fallast á að fjölmiðlar séu miklir áhrifavaldar í hverju og einu samfélagi. Út frá réttarríkissjónarmiðum er því mjög brýnt að þeir fylgi lögum og reglum í einu og öllu.⁵

Eins og fyrr sagði þá ríkir rétturinn í réttarríki. Ef rétturinn á að geta ríkt þarf að fylgja ákveðnum meginreglum. Meginreglur réttarríkisins eru margar og ekki tæmandi taldar.⁶ Í eftirfarandi köflum verður ein af meginreglum sérhvers réttarríkis sérstaklega skoðuð og þá með hliðsjón af umfjöllun fjölmiðla um grunaða eða ákærða menn. Það er meginreglan um sakleysi uns sekt er sönnuð.

2.1 Réttarríkið Ísland

Stjórnskipun á Íslandi byggir á hugmyndinni um réttarríki. Ríkisvald landsins er bundið af lögum og öll afskipti stjórnvalda af almennum borgurum verða að eiga sér stoð í lagaheimildum. Hugmyndin um réttarríkið er nátengd stjórnarskrárhyggju að því leyti að stjórnarskrárhyggja setur handhöfum ríkisvaldsins mörk með lögum og jafnframt skulu takmarkanir á mannréttindum eiga sér stoð í lögum. Stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944 (hér eftir

³ Garðar Gíslason: „Hvað er réttarríki og hverjir eru kostir þess?“, bls. 68-69.

⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 121.

⁵ Garðar Gíslason: „Hvað er réttarríki og hverjir eru kostir þess?“, bls. 68.

⁶ Garðar Gíslason: „Hvað er réttarríki og hverjir eru kostir þess?“, bls. 70.

skammstöfuð stjskr.) setur valdhöfum landsins mörk og greinir valdhafanna þrjá, það er löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið, frá hverjum öðrum, sbr. 2. gr. stjskr. Í réttarríki skiptir verulegu máli að dómstólar séu sjálfstæðir og óháðir svo að eftirfylgni laganna sé tryggð án afskipta frá löggjafanum eða framkvæmdavaldinu.⁷

Ísland tók þátt í að efla alþjóðlega mannréttindasamvinnu á seinni hluta 20. aldar og hjálpaði sú vinna til við að festa í sessi hugmyndina um réttarríki í víðtækari merkingu í íslenskri stjórnskipun. Þá hafa dómstólar spilað stóran þátt í að stuðla að réttarríki á Íslandi á síðustu áratugum með því að gæta þess að *stjórnskipuleg lögmætisregla* sé virt þegar mannréttindi eru takmörkuð. Jafnframt eru í stjórnarskrá Íslands ákvæði sem mynda órjúfanleg tengsl við réttarríkishugmyndina. Af þessu sést að óhætt er að kalla Ísland réttarríki.⁸

3 Meginreglan um réttinn til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð

3.1 Meginreglan í stjórnarskránni

Stjórnarskrá Íslands telst til æðstu réttarheimildar landsins, svokölluð *lex superior*, og hefur því sérstöðu yfir almenn lög. Hún leggur línurnar fyrir löggjafann og mega almenn lög, og þær réttarheimildir sem hafa lægra gildi en hún (*lex posterior*), ekki ganga í í berhögg við hana.⁹ Hún tryggir vernd allra helstu mannréttinda sem menn njóta og flest mannréttindaákvæði hennar sækja fyrirmynd sína beint til alþjóðlegra mannréttindasamninga, til að mynda Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir skammstafaður MSE), sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994.¹⁰

Árið 1995 var bætt í íslensku stjórnarskrána nýju og mikilvægu ákvæði.¹¹ Um er að ræða eina af mikilvægustu meginreglum sérhvers réttarríkis en það er meginreglan um að maður, sem sakaður hefur verið um refsiverða háttsemi, skuli talinn saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Með 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 var reglan tekin upp í 2. mgr. 70. gr. stjskr.¹² en reglan hafði þó verið viðurkennd hér á landi frá því á 18. öld.¹³ Ákvæðið hljóðar svo:

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

⁷ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 120-121.

⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 122-123.

⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 68.

¹⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 33-34.

¹¹ Björg Thorarensen: „Dómstólæftirlit með Alþingi: Breytt valdahlutföll í stjórnskipuninni, bls. 31.

¹² Eiríkur Tómasson: „Saklaus uns sekt er sönnuð. Hvað felst í fyrirætlum 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“, bls. 121.

¹³ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur*, bls. 390.

Ákvæðið hefur að geyma sérreglu í sakamálaréttarfari og verður henni gefinn sérstakur gaumur í þessari ritgerð.¹⁴

3.2 Meginreglan í settum lögum og alþjóðasamningum

Meginreglunni hefur verið tryggð stoð í alþjóðlegum samningum og birtist hún meðal annars berum orðum í 2. mgr. 6. gr. MSE en þar segir að „hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum“. Í ákvæðinu er orðalagið „refsiverð háttsemi“ notað og hefur Mannréttindadómstóll Evrópu (hér eftir skammstafaður MDE) skýrt ákvæðið nokkuð rúmt, það er undir ákvæðið falla sakamál sem og mál þar sem farið er fram á refsikennð viðurlög, til dæmis réttindasviptingu, og þá einnig svokölluð einkarefsimál. Einkarefsimál eru til að mynda meiðyrðamál.¹⁵ Þá er meginregluna einnig að finna í 2. mgr. 14. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi (hér eftir skammstafaður SBSR). Þá leiðir af þessum ákvæðum regla um sönnunarbyrði, það er að allan vafa beri að skýra sökuðum manni í hag (*in dubio pro reo*) og hvílir sönnunarbyrðin á ákærvaldinu. Í því felst að takist ákærvaldinu ekki að færa sönnur á sekt sakbornings ber að sýkna hann. MDE hefur í dómaframkvæmd sinni talið það vera þátt í 2. mgr. 6. gr. MSE að ákærvaldið beri sönnunarbyrði í sakamálum og að sérhvern vafa beri að skýra ákærða í hag.¹⁶

Ákvæði 108. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (hér eftir skammstöfuð sml.) byggir á fyrirmælum 2. mgr. 70. gr. stjkskr. og þar með 2. mgr. 6. gr. MSE. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála segir um 108. gr.:

Sú meginregla að ákærvaldið beri sönnunarbyrðina í sakamálum er fólgin í fyrirmælum 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um að hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi, skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, sbr. og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.¹⁷

Þá er markmið reglunnar í sml. og MSE m.a. að varna því að saklaus maður hljóti refsídóm.¹⁸

Í 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir skammstöfuð hgl.) er því lýst sem refsiverðu að fara með rangar sakargiftir. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 19/1940 segir að tilgangur rangra sakargifta sé að saklaus maður sé sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Álykta má að meginreglan um sakleysi uns sekt er sönnuð sé undirliggjandi í þessu ákvæði.

¹⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 218.

¹⁵ Eiríkur Tómasson: „Saklaus uns sekt er sönnuð. Hvað felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“, bls. 122-123.

¹⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 275, 279.

¹⁷ Þskj. 252, 135. lögþ. 2007-8, bls. 147 (enn óbirt í A-deild Alþt.)

¹⁸ Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamálum*, bls. 28.

3.3 Hlutverk dómstóla að skera úr um sekt

Við skýringu á 2. mgr. 70. gr. stjkskr. er við hæfi að horfa til þess hvernig eftirlitsstofnanirnar í Strassbourg skýra 2. mgr. 6. gr. MSE. Þær hafa skýrt ákvæðið á þann veg, og ganga jafnframt út frá sem meginreglu, að einungis dómstólar geti lýst mann sekan fyrir refsiverðan verknað. Af því má ráða að reglan feli í sér bann við að lýsa mann sekan ef dómstóll hefur ekki skorið úr um sekt hans.¹⁹ Verður sá dómstóll að uppfylla skilyrði 1. mgr. 70. gr. stjkskr. um réttláta málsmeðferð og vera óháður og óhlutdrægur. Þá kemur reglan einnig í veg fyrir að löggjafinn og framkvæmdarvaldið geti lýst opinberlega yfir að maður sé sekur um verknað ef hann hefur ekki verið fundinn sekur af dómstóli.²⁰ Í þessu sambandi má líta til *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)* þar sem Hæstiréttur segir eftirfarandi í niðurstöðu sinni:

Þessi skrif sneru að alvarlegu sakamáli, sem rekið var fyrir dómi í heyranda hljóði, og sætti því engum takmörkunum eftir 10. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að fjölmiðlar neyttu frelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar til að fjalla um málið, þar á meðal með því að nafngreina þá, sem sökum voru bornir. Í þeirri umfjöllun bar á hinn bóginn að gæta sérstaklega að því að það er hlutverk dómstóla að slá því föstu hvort sakaðir menn séu sannir að broti, en ekki fjölmiðla.

Ólíklegt verður að telja að aðrir en ríkið, til að mynda fjölmiðlar, geti gerst brotlegir gegn réttindum 2. mgr. 70. gr. stjkskr. enda miðar stjórnarskráin fyrst og fremst að því að veita opinberum valdhöfum fyrirmæli. Í þeim tilvikum þar sem fjölmiðlar lýsa yfir sekt manns kemur til athugunar hvort maður, sem telur brotið gegn rétti sínum samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjkskr., geti höfðað meiðyrðamál gegn fjölmiðli í kjölfar slíkra ummæla. Ef slík yfirlýsing verður rakin til stjórnvalda er þó möguleiki á að ríkið hafi gerst brotlegt gegn 2. mgr. 70. gr. stjkskr.²¹

3.4 Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

Stjórnarskráin stendur vörð um rétt manna til réttlátrar málsmeðferðar og er sá réttur tryggður í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. en þar segir:

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

¹⁹ Eiríkur Tómasson: „Saklaus uns sekt er sönnuð. Hvað felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“, bls. 121, 123.

²⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 275-276.

²¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 276.

Óhætt er að segja að meginreglan um réttláta málsmeðferð sé ein af mikilvægustu undirstöðureglunum í hverju réttarríki. Ákvæðið felur nánar tiltekið í sér rétt manna til þess að fá óhlutdrægan og óháðan dómstól til að leysa úr málefnum er varða réttindi og skyldur þeirra.²² Þegar hugtakið um réttláta málsmeðferð fyrir dómi er skoðað í víðtækri merkingu þá er ótvírætt að fyrirmæli 2. mgr. 6. gr. MSE falli þar undir.²³ Þar sem mannréttindaákvæði stjkskr. eru túlkuð með hliðsjón af MSE má draga þá ályktun að 2. mgr. 70. gr. stjkskr. sé jafnframt hluti af réttlátri málsmeðferð manns samkvæmt 1. mgr. sömu greinar. Þá er undirstöðuatriði réttarríkisins að tryggja sjálfstæði dómstóla við úrlausn dómsmála. Ásamt ýmsum öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar stefnir 70. gr. stjkskr. að því að þetta tiltekna markmið réttarríkisins nái fram að ganga. Þá er það sérstaklega mikilvægt í þeim tilvikum þegar maður er sakaður um refsiverða háttsemi.²⁴

4 Togstreita fjölmiðla og réttarins til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð

4.1 Inngangur

Í þessum kafla verður fjallað um hlutverk og ábyrgð fjölmiðla með hliðsjón af grundvallarreglu réttarríkisins um rétt manna til að vera saklausir þar til sekt er sönnuð. Þá verður leitast við að finna út hversu langt fjölmiðlar mega ganga í fréttáflutningi um meinta sakborninga með tilliti til fyrrnefndrar meginreglu og friðhelgi einkalífs annars vegar og hvernig það togast á við rúmt tjáningarfrelsi fjölmiðla.

4.2 Hlutverk, ábyrgð og skyldur fjölmiðla

Áhrif fjölmiðla í nútímasamfélagi eru óneitanlega mikil og víðtæk. Gjarnan er talað um fjölmiðla sem fjórða handhafa ríkisvaldsins og er það vísun í hið mikilvæga hlutverk sem fjölmiðlar gegna í lýðræðislegu samfélagi.²⁵ Þá hefur MDE vitnað til fjölmiðla sem nokkurs konar „útverði almennings“.²⁶ Þeir sinna því lykilhlutverki að vera helsta upplýsingaveita almennings og gera almenningi kleift að fylgjast með öllum líðandi þjóðfélagsmálefnum hvernar stundar. Í íslenskri orðabók er hugtakið „fjölmiðill“ skilgreint sem „tæki til að dreifa

²² Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 218.

²³ Eiríkur Tómasson: „Saklaus uns sekt er sönnuð. Hvað felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“, bls. 122.

²⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 218, 275.

²⁵ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 39.

²⁶ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 24.

upplýsingum til mikils mannfjölda á stóru svæði (blöð, útvarp, sjónvarp, kvikmyndir o.fl.)“.²⁷ Þá telst dreifing upplýsinga á internetinu ótvírætt til fjölmiðlunar.²⁸

Á Íslandi hefur verið sett heildstæð löggjöf um fjölmiðla en það eru lög um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir skammstöfuð fml.). Lögfesting laganna þýddi að í fyrsta skipti hér á landi var búið að lögfesta heildarreglur um fjölmiðla. Fyrir þann tíma voru reglur á víð og dreif í lögum sem snertu fjölmiðlarétt.²⁹ Markmið laganna er meðal annars að stuðla að tjáningarfrelsi og rétti til upplýsinga, sbr. 1. gr. laganna. Gildissvið laganna er að finna í 3. gr. og segir þar nánar tiltekið:

Lög þessi gilda um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur með staðfestu hér á landi sem miðla efni handa almenningi hér á landi, að teknu tilliti til ákvæðis 4. gr. Þau gilda því um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun sem og allt rítfefni hvort sem því er miðlað á prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti.

Hugtakið „fjölmiðlaveita“ er skilgreint í 15. tölul. 2. gr. fml. sem „einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil“. Í V. kafla laganna er fjallað um réttindi og skyldur fjölmiðlaveitna og er þar meðal annars að finna ákvæði í 1. mgr. 26. gr. sem lýtur að vernd lýðræðislegra grundvallarreglna, þ. á m. tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs. Ber fjölmiðlum ávallt að gæta þeirra grundvallarreglna sem í greininni er getið. Ákvæðið segir nánar tiltekið:

Fjölmiðlaveita skal í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skal virða mannréttindi og jafnrétti, og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Fjölmiðlaveita skal gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.

Fjölmiðlar búa yfir miklu valdi og það vald er ekki laust undan ábyrgð. Hér mætti nota skilgreiningu réttarríkisins hvað varðar ábyrgð fjölmiðla, það er að fjölmiðlum ber að hlíta lögum í einu og öllu og mega ekki undir neinum kringumstæðum misbeita valdi sínu. Ekki er nóg að fjölmiðlamenn gæti aðeins lagalegrar ábyrgðar heldur þurfa þeir einnig að huga að siðferðislegri ábyrgð og góðri almennri dómgreind í sérhvert skipti er upplýsingum er miðlað til almennings, á hvaða formi sem er. Er þetta mikilvægt í ljósi þess að ein óvönduð frásögn fjölmiðlamanns getur valdið gífurlegu og jafnvel óafturkræfu tjóni, bæði fjárhagslegu og andlegu, þess manns sem frásögn snýr að.³⁰ Þá má einnig nefna að í dag eru til margar

²⁷ Mörður Árnason: *Íslensk orðabók*, bls. 344.

²⁸ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 18.

²⁹ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 30.

³⁰ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 49.

sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar og netmiðlar þar sem fréttir eru fluttar eða birtar og eru jafnframt dæmi um að íslenskar fréttir rati í erlenda fjölmiðla. Þá eru margir fréttamiðlar með stóran hóp fylgjenda á samfélagsmiðlum sem fá fréttir beint í æð um leið og þær eru birtar. Almennigur er því eflaust bæði fyrr og betur upplýstur nú á tímum en nokkurn tímann áður. Þar af leiðandi má velta fyrir sér hvort sú þróun ætti að leiða til aukinnar ábyrgðar fjölmiðla. Ef fjölmiðlar virða ekki meginreglu 2. mgr. 70. gr. stjkskr. má velta fyrir sér hvort slíkt hafi nú skaðlegri áhrif, á þann sem borinn er röngum sökum, en hér áður fyrr.

Ætla má að margir treysti fjölmiðlum og að þeir segi satt og rétt frá því sem til umfjöllunar er. Fjölmiðlar hafa ótvírætt skoðanamyndandi áhrif á almenning og fólk er misgagnrýnið á það sem það les. Það er því ekki óeðlilegt að halda því fram, að það sem áður töldust sögusagnir, geti skoðast sem sannleikur í hugum margra þegar fjölmiðill greinir frá málinu.

4.2.1 Siðareglur fjölmiðla

Regluverk fjölmiðlastéttarinnar takmarkast ekki aðeins við lög sem löggjafinn hefur sett stéttinni. Siðareglur, ritaðar sem óritaðar, eru reglur sem samdar eru af hinum ýmsu starfsstéttum, sér til handar, og hefur fjölmiðlastéttin sett sér slíkar reglur.³¹ Rætur reglnanna eru að mestu meginreglurnar sem fjölmiðlamenn hafa almennt litið til við í tengslum við störf sín og skyldur.³² Reglurnar eru nokkurs konar leiðbeiningarreglur, samdar í þeim tilgangi að gæta að siðferðislegum gildum, til að mynda réttlæti, sannmæli, trúmennsku, frelsi og ýmsu fleiru. Þær leggja fjölmiðlum línurnar og eru til þess fallnar að tryggja að umræðan sé eins lýðræðisleg og fagleg og kostur er. Reglurnar eru vissulega ekki með stöðu almennra laga og reglunum fylgir ekki formlegt vald, eins og í tilviki laga. Dómstólar hafa þó í dómaframkvæmd sinni vísað til reglnanna í forsendum sínum og með því viðurkennt gildi þeirra.³³ Það er því ljóst að þær gegna mikilvægu hlutverki. Verður nú í stuttu máli farið yfir nokkur af ákvæðum siðareglna sem gilda um fjölmiðla og hvernig reglurnar stuðla að vönduðum vinnubrögðum og jafnframt standa vörð um ofangreinda meginreglu réttarríkisins, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjkskr.

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands gilda um störf blaðamanna hér á landi. Núgildandi reglur hafa gilt síðan 1991 en reglurnar voru fyrst settar árið 1965.³⁴ Reglurnar eru nokkrar og hafa að geyma nokkur ákvæði sem taka sérstaklega á afskiptum fjölmiðla af dóms- og rannsóknarmálum.³⁵ Í 3. gr. reglnanna segir:

³¹ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 240.

³² Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 38.

³³ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 206.

³⁴ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 206.

³⁵ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 401.

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

Í 3. málsli. 4. gr. siðareglanna er meginreglunnar í 2. mgr. 70. gr. stjkskr. getið og er leiðarvísir fyrir blaðamenn um að virða ávallt regluna í frásögnum sínum af dóms- og refsímálum. Hún orðast svo:

Í frásögnum af dóms- og refsímálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.³⁶

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands fer með úrskurðarvald vegna reglnanna, sbr. 6. gr. siðareglanna og getur sá, sem telur brotið á sér eða á hagsmuna að gæta, kært viðkomandi efni til nefndarinnar innan tveggja mánaða eftir að það var birt. Þetta úrræði hefur verið nýtt í gegnum árin og má í sambandi við ofangreindar reglur líta til *úrskurðar Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands 18. júní 1993 (2/1993)*. Þar komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ákveðið tímarit hefði gerst brotlegt gegn ákvæðum siðareglanna með því að birta viðtal við mann sem ásakaði föður sinn um kynferðislegt ofbeldi án þess að meint saknæm háttsemi hefði verið sönnuð. Enginn fyrirvari var settur við umfjöllunina og birtist hún því sem staðreynd fyrir augum lesenda.³⁷

4.3 Tjáningarfrelsi fjölmiðla

Stjórnarskráin stendur vörð um grundvallarregluna um tjáningarfrelsi og sá réttur er tryggður í 73. gr. hennar þar sem segir:

Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannröðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

Í ákvæðinu er nánar tiltekið tryggður réttur manna til frjálssrar tjáningar, skoðunar og sannfæringar, sbr. 1. mgr. Í 2. mgr. ákvæðisins er kveðið á um skyldu þeirra, sem láta í ljós hugsanir sínar, að þeir ábyrgist þær fyrir dómi. Í sömu málsgrein er ritskoðun, og hvers konar sambærileg takmörkun á tjáningarfrelsinu, bönnuð. Í 3. mgr. ákvæðisins er fjallað um þau skilyrði sem þurfa að koma til svo að skerða megi tjáningarfrelsið. Til að mynda getur komið

³⁶ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 207.

³⁷ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 207, 209.

til skerðingar á tjáningarfrelsi samkvæmt 73. gr. stjkskr. þegar hagsmunir, verndaðir af öðrum grundvallarréttindum, ganga framár.³⁸ Á alþjóðlegum vettvangi hefur tjáningarfrelsinu einnig verið tryggð vernd. Má þar helst nefna MSE og SBSR en rétturinn er tryggður í 10. gr. þess fyrrnefnda og í 19. gr. hins síðarnefnda. 10. gr. MSE og aðferðir MDE við að skýra ákvæðið og túlka hefur haft mikil áhrif á hvernig íslenskir dómstólar skýra 73. gr. stjkskr. Er þá gjarnan vísað beint til 10. gr. MSE við skýringu á stjórnarskrárákvæðinu.³⁹

Orðalag 2. mgr. 73. gr. stjkskr. má ekki túlka of þröngt varðandi hverjir eigi rétt til að tjá hugsanir sínar. Ákvæðið kveður á um að „hver maður“ njóti þessarar réttar en ótvírætt er að ákvæðið tekur líka til lögaðila. Þá felst einnig í málgreininni sá réttur manns (lögaðila líka) til þess að miðla alls kyns upplýsingum og jafnframt taka við þeim.⁴⁰

Dómaframkvæmd á Íslandi, sem og í öðrum löndum, ber með sér að fjölmiðlar njóta almennt meiri verndar tjáningarfrelsisins en almennt gerist.⁴¹ Má hér til að mynda líta til *Hrd. 15. nóvember 2012 (69/2012)* og *Hrd. 11. mars 2010 (454/2009)*. 73. gr. stjkskr. segir ekkert um fjölmiðla og þeirra þátt í að efla og stuðla að framþróun tjáningarfrelsisins.⁴² 10. gr. MSE gefur þeim meiri gaum en þar eru útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtæki sérstaklega nefnd í 3. máls. 1. mgr. Þá nefnir 2. máls. 1. mgr. sömu greinar meginþátt hlutverks flestra fjölmiðla en það sé að „taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum“. Með þessu viðurkennir sáttmálinn fjölmiðlafrelsið sérstaklega.⁴³ Þrátt fyrir að íslenska stjórnarskráin fjalli ekki um hið sérstaka fjölmiðlafrelsi þá er vafalaust að 73. gr. hennar er ætlað að samrýmast því sem leiðir af 10. gr. MSE. Þá hafa dómstólar hér á landi og jafnframt MDE oft og mörgum sinnum staðfest mikilvægi þess hlutverks sem fjölmiðlar í lýðræðisþjóðfélagi gegna. MDE segir hlutverk fjölmiðla fólgið í því að skila áfram upplýsingum og skoðunum er varða stjórnsmál og hagsmuni þjóðfélagsins og á sama tíma hafi almenningur rétt á því að fá þær upplýsingar. Ef fjölmiðlar eiga að þjóna tilgangi sínum þarf að fara mjög varlega í að takmarka eða skerða þeirra starf á einhvern hátt. Er tjáningarfrelsi þeirra ekki takmarkað nema að því leyti sem það mun teljast nauðsynlegt.⁴⁴ Sérstaklega ríkar ástæður þurfa því að vera að baki skerðingunni og kemst Hæstiréttur því svona að orði í *Hrd. 15. nóvember 2012 (60/2012)*:

Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Almenningur á rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni varða og

³⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 347.

³⁹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 350, 352.

⁴⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 354, 360.

⁴¹ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 26.

⁴² Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 52.

⁴³ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 26.

⁴⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 385.

þurfa sérstaklega ríkar ástæður að vera fyrir því að skerðing á frelsi fjölmiðla geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

4.3.1 Togstreita tjáningarfrelsis fjölmiðla og friðhelgi einkalífs

Eins og hér að ofan greinir verður að játa fjölmiðlum rýmra tjáningarfrelsi en flestum öðrum í ljósi þess hversu mikilvæg skylda þeirra er til þess að miðla áfram upplýsingum til almennings. Þrátt fyrir það getur tjáningarfrelsi þeirra ekki talist óheft og óskorað. Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum er réttlæt看legt að takmarka tjáningarfrelsi fjölmiðla til þess að tryggja vernd annarra mannréttinda og þá ber helst að nefna friðhelgi einkalífs, sbr. 1. mgr. 71. gr. stjkskr., 8. gr. MSE og 17. gr. SBSR. Verður nú gerð grein fyrir þeirri togstreitu sem ríkir á milli þessara tveggja stjórnaskrárvörðu mannréttinda og hvaða sjónarmiðum er beitt til þess að komast að rétttri niðurstöðu hverju sinni en fyrst verður þó stuttlega vikið að ákvæðum 71. gr. stjkskr.

Ákvæði 71. gr. stjkskr. tryggja friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. 1. og 3. mgr. greinarinnar hljóða svo:

Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Reglan er ekki aðeins hugsuð til þess að vernda menn gegn geðþótttaafskiptum valdhafa, eins og upprunalegur tilgangur ákvæðsins var, heldur leggur hún skyldu á löggjafann til þess að setja regluverk sem vernda einstaklinga gegn hverjum öðrum. Þá er réttindunum í 71. gr. tryggð refsivernd og er því hægt að krefjast bóta ef brotið er gegn þessum rétti manns.⁴⁵

Hugtakið „einkalíf“ er mjög víðtækt og er vísað til þess sem eins konar yfirhugtaks. MDE hefur sagt að erfitt sé að finna tæmandi talningu á því sem fallið geti undir hugtakið en það er meðal annars allt sem snýr að persónulegum kjörum manns. Undir hugtakið fellur einnig réttur manns til þess að stjórna sínu eigin lífi og líkama og njóta friðar hvað varðar lífshætti hans og einkahagi. Þá er *æra* og *mannorð* ótvírætt talið vera hluti af einkalífi manns sem nýtur verndar 71. gr. stjkskr. sem og ákvæða almennra hegningarlaga og skaðabótalaga nr. 50/1993 (hér eftir skammstöfuð skbl.).⁴⁶ Í meiðyrðamálum reynir á umrædd ákvæði en meiðyrðamál eru öll þau dómsmál sem höfðuð eru út af ærumeiðingum. Þá er ærumeiðing nánar tiltekið refsiverð háttsemi sem fólgin er í árás á sjálfsvirðingu manns og/eða virðingu annarra fyrir honum.⁴⁷ Ærumeiðingar skiptast annars vegar í móðganir, sbr. 234. gr. hgl. og hins vegar aðdróttanir, sbr.

⁴⁵ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 285.

⁴⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 287-289.

⁴⁷ Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín*, bls. 291, 555.

235. hgl. og hefur sú flokkun áhrif á matið á því hvort ákveðin ummæli séu vernduð af 73. gr. stjkskr. og 10. gr. MSE.⁴⁸

Gildissvið 71. gr. stjkskr. er rúmt og má finna afbrigði reglunnar á ýmsum stöðum í löggjöfinni. Má í fyrsta lagi nefna ákvæði almennra hegningarlaga en þau ákvæði sem veita sérstaka refsivernd eru í 25. kafla laganna. Æran er vernduð af 234.-241. gr. hgl. og einnig 233. gr. a. og 233. gr. b. þeirra sem og b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. Flest ákvæði kaflans er algengt að sjá að reyni á í meiðyrðamálum milli einstaklinga þegar deilt er um mörk friðhelgi einkalífs og frelsi til tjáningar, enda hafa þau ríka tengingu við stjórnarskrárverndina. Þá reynir oft og tíðum á b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. en á grundvelli þess ákvæðis er hægt að sækja bætur vegna brots gegn einkalífi manns. Í ákvæðinu er sérstök heimild til þess að fá miskabætur úr hendi þess sem með ólögmætri meingerð hefur brotið gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns. Annað úrræði er að krefjast ómerkingar ummæla þegar einstaklingur telur brotið á rétti sínum samkvæmt 71. gr. með einhverjum ummælum. Ómerking er yfirlýsing dóms um að ummælin eigi sér ekki stoð í raunveruleikanum og skuli því teljast „marklaus“, „ómerk“ eða „dauð og ómerk“. Með ómerkingu er einstaklingi veitt uppreisn æru, það er að heiður hans sé óskaddaður. Enn fremur ber ómerking með sér „sýknudóm“ þess er umdeild ummæli varða.⁴⁹

Í 26. gr. fml., sem getið var hér að framan, er lögð sérstök skylda á fjölmiðla að gæta meginreglunnar um friðhelgi einkalífs í störfum sínum. Nú verður skoðað af hverju löggjafanum þótti ástæða til þess að áréttta meginregluna í umræddum lögum. Eftirfarandi kemur fram um 26. gr. fml. í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla:

Þá er lagt til að friðhelgi einkalífs verði getið sérstaklega þar sem ákveðin mörk eru milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs. Rétturinn um friðhelgi einkalífsins rennur af réttinum til frelsis og sjálfsákvörðunarréttinum, svo lengi sem að sá réttur hefur ekki áhrif á frelsi og réttindi annarra. Er litið svo á að þessi sjálfsagði réttur sé meðal mikilvægustu grundvallarmannréttinda og ein af grunnildum lýðræðis. Fjölmiðlar eru að sjálfsögðu ekki undanþegnir því að þurfa að taka tillit til grundvallarreglunnar um friðhelgi einkalífs við meðferð sína á persónuupplýsingum.⁵⁰

Við mat á því hvort skerða megi tjáningarfrelsi fjölmiðla þarf að meta þá hagsmuni sem eru fyrirbyggjandi í hverju máli. Verður þá fyrst og fremst að meta hvort hagsmunir einstaklings til þess að njóta friðar einkalífs síns og orðstírs séu það mikilvægir að nauðsynlegt þyki að hefta frjálsa lýðræðislega umfjöllun um mál sem snerta almenning.⁵¹ Hæstiréttur hefur í mörgum

⁴⁸ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 199, 202.

⁴⁹ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir, *Fjölmiðlaréttur*, bls. 112, 126-127, 266, 274.

⁵⁰ Þskj. 215, 139. lögþ. 2010-11, bls. 143 (enn óbirt í A-deild Alþt.)

⁵¹ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 305.

dómum sínum þurft að meta mörkin á milli tjáningarfrelsis fjölmiðla og friðhelgi einkalífs einstaklings. Í *Hrd. 31. mars 2015 (421/2014)* viðurkenndi hann mikilvægi fjölmiðla en lýsti hvers þeir þurfa að gæta hverju sinni:

Fjölmiðlaveitur gegna mikilvægu lýðræðishlutverki, njóta ríks tjáningarfrelsis og þjóna upplýsingarétti almennings, en jafnframt skulu þær gæta hófs og ábyrgðar þegar önnur mannréttindi, ekki síst jafnrétti og friðhelgi einkalífs, eru í húfi. Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, skal fjölmiðlaveita virða mannréttindi og jafnrétti, og einnig friðhelgi einkalífs, nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.

Í íslenskum rétti gildir ótvírætt sú óskráða meginregla um ábyrgðarleysi sannra ummæla, það er að ekki er refsað fyrir ummæli sem eru sönn. Reglan er viðurkennd í meiðyrðamálum en einnig varðandi miskabætur og ómerkingu ummæla. Dómstólar hér á landi og MDE hafa margoft vitnað til reglunnar í dómaframkvæmd sinni og hafa báðir túlkað meginregluna á þann veg að hún heyri undir tjáningarfrelsið sem verndað er af 73. gr. stjkskr. og 10. gr. MSE, það er að tjáningarfrelsið tryggi rétt manna til þess að greina frá sönnum og réttum atriðum. Af reglunni getur leitt að ef sá, sem lét ummælin falla, tekst að sanna vafalaust að ummælin um refsiverða háttsemi sakbornings séu sannleikanum samkvæm getur það leitt til þess að viðkomandi verði sýknaður í meiðyrðamáli. Þá hefur MDE staðfest í dómaframkvæmd sinni að ef aðili ætlar að byggja vörn sína í meiðyrðamáli á því að ummæli séu sönn þarf að vera fyrir hendi raunverulegur möguleiki fyrir hann á að sanna ummælin.⁵²

Af ofangreindu er ljóst að unnt er að réttlæta ærumeiðingu ef hægt er að sanna þau atriði sem staðhæfing byggir á. Til að mynda í þeim tilvikum, þar sem maður er borinn sökum um refsiverða háttsemi, þá þarf að færa sönnur á að hann hafi raunverulega viðhaft umrædda háttsemi. Slík sönnun felst almennt í því að vitna í dóm á hendur viðkomandi vegna þessarar refsiverðu háttsemi. Dómstólar líta meðal annars til þess hvort ásakanirnar séu hreinn uppspuni og hvert sannleiksgildi þeirra er. Þá hefur Hæstiréttur slegið því föstu að í meiðyrðamáli, þegar enginn dómur hefur enn gengið í máli manns sem sakaður er um refsiverða háttsemi, er þrátt fyrir það hægt að réttlæta ummælin með því að færa nægar sönnur á þeim. Reglan er eðlileg í ljósi þess að sönnunarkröfur í einka- og einkarefsimáli eru vægari en reglurnar sem gilda um sannanir í sakamálum, það er að sekt sé hafin yfir skynsamlegan vafa. Er þetta því talið vera innan leyfilegra marka tjáningarfrelsisins.⁵³

Við mat á takmörkun á tjáningarfrelsi hafa dómstólar hér á landi og jafnframt MDE lengi vel metið hvort ummæli feli í sér gildisdóm eða staðhæfingu um staðreyndir. Á því er gerður

⁵² Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 281-282, 284.

⁵³ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 284-287.

greinarmunur enda njóta gildisdómar aukinnar verndar 73. gr. stjkskr. vegna þess að gildisdómar fela í sér huglægt mat á staðreynd en ekki staðhæfingu. Gildisdómur lýsir sér því frekar sem tjáning á skoðun. Hefur þessi greinarmunur oft ráðið úrslitum við mat á því hvort tjáning sé talin leyfileg eður ei. Dæmi um gildisdóm myndi vera: „mér finnst maðurinn vera asni“. Á hinn bóginn þegar um er að ræða staðhæfingar um staðreyndir þá er ekki lengur verið að tjá huglægt mat heldur er verið að vísa til beinna staðreynda. Dæmi um staðhæfingu myndi vera „þessi maður er kynferðisbrotamaður“. Sama aðgreining hefur verið notuð í Noregi og Danmörku og hér á landi. Þá hafa Bandaríkin einnig beitt sambærilegri aðgreiningu.⁵⁴

4.4 Umfjöllun fjölmiðla um kær- og sakamál

Það felst í hlutverki fjölmiðla að þeir upplýsi almenning um afbrot sem eiga sér stað í samfélaginu og ef rannsókn á sakamáli hefst í framhaldi af því. Áhugi almennings á slíkum fréttum er yfirleitt mikill og spila fjölmiðlar stóran þátt að halda almenningi upplýstum varðandi framgang slíkra mála.⁵⁵ Það leiðir af meginreglunni um opinbera málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjkskr. um réttláta málsmeðferð, að fjölmiðlar mega almennt fjalla um dómsmál. Þegar fjölmiðlar fjalla um dómsmál, sem enn er ólokið, þarf þó að huga að ýmsu. Sakamál eru óneitanlega viðkvæm mál og eðli málsins samkvæmt þarf að passa að fréttafloflutningur sé vandaður og sannleikanum samkvæmur. Þá verða fjölmiðlar að gæta sérstaklega, í málum sem þessum, að fella ekki sök á ákærða í málinu enda hefur endanlegur dómur ekki gengið í máli hans. Með öðrum orðum, það er ávallt hlutverk dómstóla að ákvarða sekt eða sýknu manna og fjölmiðlar verða að gæta þess að hver maður skuli talinn saklaus þar til sekt hans er sönnuð.⁵⁶ Um þetta atriði segir Páll Sigurðsson í bók sinni, *Fjölmiðlaréttur*:

Sérstakrar varúðar verður m.a. að gæta sökum þess, að ekki er enn vitað hvort ákærði verður sakfelldur í refsímáli eða hvor aðilja í einkamáli muni vinna mál, og verða fjölmiðlamenn að forðast að kveða upp sleggjudóma í þeim efnum. Fjölmiðlar verða að viðurkenna grundvallarregluna um, að sérhver maður sé talinn *saklaus* þar til annað sannast fyrir dómi – ella væri réttaröryggi í lýðræðisþjóðfélagi stefnt í voða.⁵⁷

Oft þurfa fjölmiðlar að vinna fréttir út frá mjög takmörkuðum upplýsingum en segja má að rannsóknaryfirvöld á Íslandi fari varlega í að veita upplýsingar þegar málsmeðferð er enn á rannsóknarstigi. Tíðkast því oftast að fjölmiðlar fái upplýsingar um mál frá aðilum sem hafa tengingu við málið á einhvern hátt. Slíkum upplýsingagjöfum fylgir sú áhætta að þær frásagnir

⁵⁴ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 289-290.

⁵⁵ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 390.

⁵⁶ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 219.

⁵⁷ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 390.

séu ekki sannleikanum samkvæmar eða misskilningur ríki um ákveðin atriði málsins. Þá getur einnig beinlínis verið ásetningur þessa aðila að veita fjölmiðlum rangar og misvísandi upplýsingar til þess að gæta hagsmuna sinna eða annarra sem tengdir eru málinu. Öll fréttuumfjöllun mála, sem enn eru á rannsóknastigi, er því vandasöm vegna þess hversu samhengislausar upplýsingarnar geta verið og óáreiðanlegar heimildir þeim að baki. Þrátt fyrir þessa áhættu, verður það að teljast hluti af starfi fjölmiðla, og jafnframt hluti af fjölmiðlafrelsinu, að fylgjast með mikilvægum málum sem eru á þessu stigi, og miðla þeim upplýsingum áfram á málefnalegan, siðlegan og löglegan hátt.⁵⁸

Rangar eða ónákvæmir fréttir um viðkvæm málefni, eins og sakamál eða rannsókn þeirra, geta auðveldlega skaðað orðspor manns. Fjölmiðlar verða því ávallt að gæta meðalhófs í umfjöllun sinni og þá sérstaklega þegar um sakamál er að ræða. Fjölmiðlar mega, með öðrum orðum, aldrei ganga lengra í að fjalla um sakamál en nauðsynlegt er og efni standa til.⁵⁹ Varðandi þessa umfjöllun má nefna svokallað Lúkasarmál, sbr. *Hérd. Reykn. 14. febrúar 2011 (E-415/2010)*. Málsatvik voru þau að hundur týndist og var maður sakaður um að hafa drepið hundinn á hrottafenginn hátt. Umfjöllun í fjölmiðlum var hávær og viðbrögð samfélagsins dramatísk eftir að kona hafði lýst á bloggsíðu sinni hvernig hún sá meintan geranda drepa hundinn. Maðurinn var stuttu síðar dæmdur sekur af samfélaginu, sem nefna mætti götudómstól, án þess að hafa fengið úr því skorið af dómstólum hvort hann væri sekur eða saklaus. Óhætt er að segja að fjölmiðlar spiluðu stórt hlutverk í að dreifa sögunni með fréttum af málinu og höfðu skoðanamyndandi áhrif á samfélagið en þeir nafngreindu manninn í tengslum við málið og fullyrtu að vitni hefðu verið að atvikinu. Þremur mánuðum síðar kom hundurinn í leitirnar, heill á húfi. Var þá ljóst að maðurinn, sem ávallt neitaði sök, hafði ekki átt neinn þátt í hvarfi hundsins. Á því tímabili sem hundurinn var týndur fékk maðurinn líflátshótanir og hótanir um líkamsmeiðingar og hundruð einstaklinga greindu frá skoðunum sínum á málinu á ýmsum vefsíðum. Daglegt líf mannsins raskaðist og hann missti í kjölfarið vinnuna. Maðurinn höfðaði meiðyrðamál og fékk dæmdar miskabætur frá konunni sem birti ummælin á bloggsíðu sinni og voru ákveðin ummæli hennar dæmd ómerk.

Í máli þessu var fjölmiðlum ekki stefnt. Það má þó velta fyrir sér hvort þeir hafi gengið of langt í frétttaflutningi sínum með því að nafngreina manninn og fjalla um hann sem meintan geranda, án þess að nokkur sönnun væri að baki, önnur en frásögn konunnar. Þetta gæti skoðast sem dæmi þar sem fjölmiðlar fjalla um mál án þess að þekkja nægilega til staðreynda eða kanna áreiðanleika sögusagna. Gengið var harkalega á friðhelgi einkalífs mannsins sem verndað er af

⁵⁸ Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 390, 397-398.

⁵⁹ Jón Þór Ólafsson: „Um fjölmiðla og refsíakvarðanir“, bls. 323-324.

71. gr. stjkskr. og æra hans sködduð. Draga má þá ályktun að viðbrögð samfélagsins hefðu ekki verið eins og raun bar vitni hefðu fjölmiðlar ekki gengið svona langt í umfjöllun sinni. Þá hefði maðurinn líklega ekki hlotið eins mikinn skaða af. Áhrif fjölmiðla eru mikil og því verður að gera þá kröfu til þeirra að þeir stígi varlega til jarðar í allri umfjöllun sinni um sakamál, nánar tiltekið í málum er varða grunaða eða ákærða einstaklinga.

Þá er fjölmiðlum heimilt að nafngreina þá sem sökum eru bornir í sakamáli, sbr. *Hrd. 11. mars. 2010 (454/2009)*. Þar voru ákveðin ummæli fjölmiðilsins DV, í frásögn sinni af sakamáli, ómerkt með vísan til þess að enginn fyrirvari var gerður við staðhæfingarnar. Hæstiréttur nefnir í dóminum að nafngreining grunaðra manna í fjölmiðlum sé innan tjáningarfrelsis 73. gr. stjkskr. en á hinn bóginn sé það ekki hluti af tjáningarfrelsi 73. gr. stjkskr. eða í verkahring fjölmiðla að kveða á um sekt manna, sbr. tilvitnun í kafla 3.3.

4.4.1 *Birting togstreitunnar í íslenskri dómaframkvæmd*

1. málsl. 2. mgr. 73. gr. stjkskr. segir að „hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi“. Af þessu ákvæði leiðir að tjáningu hugsana fylgir ábyrgð. Reglan tekur því til tilvika þar sem farið er út fyrir leyfileg mörk tjáningarfrelsisins.⁶⁰ Þessi regla endurspeglast í 50. og 51. gr. fjölmiðlalaga. 50. gr. fjallar um ábyrgð á hljóð- og myndefni en 51. gr. um ábyrgð á ritefni og er á grundvelli reglnanna hægt að draga fjölmiðla til ábyrgðar vegna ummæla sem einstaklingur telur að hafi brotið á réttindum hans.

Af og til dæma dómstólar mönnum skaðabætur í kjölfar ummæla sem fjölmiðill hefur látið falla og með þeim brotið gegn æru þeirra. Í öllum þessum málum reynir á mörkin milli þess hvort ummælin séu innan tjáningarfrelsis fjölmiðilsins eða brjóti á friðhelgi einkalífs stefnanda. Meginreglan í 2. mgr. 70. gr. stjkskr. um sakleysi uns sekt er sönnuð kann að koma til skoðunar í meiðyrðamálum og hefur í raun gert það.⁶¹

Nú verður fjallað um nýlegt mál *Hérd. Rvk. 26. október 2017 (E-155/2017)* eða Hlíðamálið svokallaða. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og er með málsnúmerið 729/2017. Málið verður tekið fyrir hinn 7. júní 2018. Í málinu voru gerðar kröfur um miskabætur og ómerkingu ummæla. Fyrst verður farið yfir málsatvik, rök bæði stefnanda og stefndu og að lokum niðurstöðu dómsins og hvaða ályktanir hægt er að draga af henni.

Það var hinn 9. nóvember 2015 sem hinir ýmsu fjölmiðlar hófu að birta fréttir vegna meintra kynferðisbrota á tveimur stúlkum sem nýlega höfðu átt að eiga sér stað í Hlíðunum í Reykjavík.

⁶⁰ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 370.

⁶¹ Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 146.

Viðbrögð samfélagsins voru gríðarlega skjót og sterk. Samfélagsmiðlar loguðu og létu margir hinar ýmsu orðræður falla sem gerðu ráð fyrir sekt mannanna. Mennirnir voru kærðir af stúlkunum og hófst lögreglurannsókn. Svo fór að ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir mönnum tveimur. Í kjölfar þess greip um sig mikil reiði meðal fólks. Hundruðir manna kröfðust þess að mennirnir yrðu úrskurðaðir í gæsluvarðhald og gagnrýndu lögreglu harkalega fyrir aðgerðarleysi sitt. Myndir af meintum gerendum fóru í dreifingu samdægurs um samfélagsmiðla og þeir jafnframt nafngreindir.

Stefndu í málinu voru fjölmiðlamenn Stöðvar 2, Bylgjunnar, Fréttablaðsins og Vísis. Þá var 365 miðlum ehf. stefnt til réttargæslu en það á og rekur fjölmiðlana. Meintir gerendur voru tveir menn. Lýstu fjölmiðlar því hvernig íbúðin, þar sem umræddar nauðganir höfðu átt að eiga sér stað, hafi verið útbúin til nauðgana og að árásirnar hafi verið mjög alvarlegar og hrottafengnar. Myndir af mönnum og nöfn þeirra fóru sem eldur um sinu á samfélagsmiðlunum og enginn fyrirvari þar settur um sekt mannanna heldur voru þeir einfaldlega stimplaðir sem sekir um verknaðina. Stefnendur héldu því fram að orsakatengsl væru milli fréttaflutnings fjölmiðla af málinu og viðbragða fólks í samfélaginu. Þá einkum að fólk hafi tekið upp á því að dreifa myndum af mönnum tveimur á samfélagsmiðlum og nafngreina þá. Þessu höfnuðu stefndu alfarið með vísan til þess að þau hefðu ekki nafngreint mennina og því ætti nafn- og myndbirting almennings ekki rætur að rekja til fréttaflutningsins. Fjölmiðlar birtu þó myndir af heimili annars mannsins í Hlíðunum og fréttir voru jafnframt fluttar inni á stigagangi hússins.

Stefnendur gerðu þá kröfu að 32 ummæli, sem fjölmiðlarnir birtu á hinum ýmsu stöðum, yrðu dæmd dauð og ómerk með vísan til þess að með ummælunum væri þeim gefið að sök alvarlega refsiverða háttsemi. Í tengslum við það var vísað til 235. og 236. gr. hgl. Þau ummæli sem vöktu mikla athygli var yfirskrift forsíðu Fréttablaðsins hinn 9. nóvember 2015. Þar sagði: „Íbúð í Hlíðunum var útbúin til nauðgana“. Sama fyrir sögn og efnislega samhljóða frétt birtist á vefsíðu fjölmiðilsins. Eins var fréttin flutt í útvarpi. Það var svo að kvöldi sama dags sem þáverandi yfirlögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sagði að rangt væri að íbúðin hefði verið sérútbúin til nauðgana og að fréttin væri ekki efnislega rétt að því leyti. Aðdróttun fjölmiðilsins með forsíðunni væri gífurlega alvarleg. Í framhaldinu af því birti lögmaður stefnenda myndir innan úr íbúðinni í þeim tilgangi að leiðrétta umrædd ummæli. Fjölmiðillinn sagði að áreiðanlegar heimildir væru að baki ummælunum og í greinargerð með dóminum bentu stefndu á að ávallt hefði verið gætt að hefðbundnum fyrirvara eins og tíðkast almennt þegar fréttir eru fluttar af slíkum málum, þó að einu sinni hefðu orðið mistök þar á.

Þá kröfðust stefnendur skaðabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skbl. vegna ærumeiðinga og brot gegn friðhelgi einkalífs þeirra samkvæmt 71. gr. stjkskr. en í ákvæði skaðabótalaga er

sérstök heimild til þess að sækja miskabætur vegna ólögmatrar meingerðar gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns.⁶² Þá byggðu stefnendur einnig á meginreglunni í 2. mgr. 70. gr. stjkskr. Eftirfarandi eru rakin ummæli stefnenda, eins og þau birtast í dóminum, og segja má að sé þungamiðja lögsóknarinnar:

Það séu grundvallarmannréttindi í réttarríki að hver sá sem borinn sé sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus uns sekt hans sé sönnuð að lögum. Þessi regla sé grundvallarregla í íslenskri réttarskipan, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það séu handhafar opinbers valds, sem til þess séu bærir, sem annist rannsókn og saksókn í sakamálum. Það sé síðan hlutverk dómstóla að dæma um sekt eða sakleysi manna sem ákærðir hafi verið fyrir refsiverða háttsemi. Einhverra hluta vegna hafi stefndu kosið að svipta stefnendur þessum grundvallarmannréttindum og úthrópa þá sem nauðgara og ofbeldismenn án þess að stefnendur hafi verið ákærðir fyrir slíka háttsemi, hvað þá heldur dæmdir.

Vörn stefnda byggði á því að þau hafi verið að sinna hlutverki sínu sem blaðamenn sem væri að miðla og flytja fréttir. Þær fréttir sem voru birtar hefðu allar verið byggðar á kærum sem sannarlega lögju fyrir. Byggðu þau sýknu sína á meginreglunni um tjáningarfrelsi sem stjórnarskráin ver í 73. gr.

Dómurinn rakti öll ummælin sem stefnendur vildu fá dæmd ómerk. Hann lýsti yfir mikilvægu hlutverki sem fjölmiðlar gegna í lýðræðisþjóðfélagi og að þeim beri skylda til að upplýsa almenning um mál hverju sinni. Af þeirri ástæðu þyrfti að viðurkenna fjölmiðlum rúmt frelsi til tjáningar svo að þeir gætu sinnt þessu hlutverki sínu. Þá nefnir dómurinn að þrátt fyrir þetta ríka tjáningarfrelsi komi það ekki í veg fyrir að það takmarkast af 3. mgr. 73. gr. og af sjónarmiðum sem leiða af 71. gr. stjkskr. Fjölmiðlar þurfi að gæta meðalhófs við flutning fréttu og sýna ábyrgð, það er, eins og dómurinn kemst að orði, að þeir „gangi ekki lengra en nauðsyn ber til hverju sinni í því skyni að þjóna upplýsingahlutverki sínu gagnvart almenningi“ og vísar því til stuðnings til 1. mgr. 26. gr. fjölmiðlalaga. Þá fer dómurinn yfir hvernig líf manna tveggja umturnaðist í kjölfar allrar fjölmiðlaumfjöllunarinnar. Annar manna, B, fór í sjúkrahósi frá vinnu og hafði einangrast mikið. Þá kvaðst hann hafa sætt hótunum. Hinn, A, hafði hætt í skóla og hafði verið í meðferð hjá sálfræðingi. Hann væri orðinn skuldugur sökum þess að hann ætti erfitt með að vinna og umgangast Íslendinga. Báðir glímdu við þunglyndi og langvarandi kvíða.

Við mat á því hvort stefndu hafi gengið of hart að æru stefnenda með ummælum þeirra komst dómurinn svo að orði:

Við úrlausn á því hvort stefndu hafi með ummælum sínum vegið að mannorði stefnenda með ólögmatum hætti með því að birta og dreifa ærumeiðandi ummælum verður að líta til

⁶² Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 266.

Þess á hvaða hátt hin umdeildu ummæli voru sett fram, hvað fyrir liggur um sannleiksgildi þeirra og hvaða gildi þau höfðu fyrir opinbera umræðu. Þá þykir ljóst að öll hin umstefndu ummæli fólu í sér staðhæfingar um staðreyndir en ekki gildisdóma.

Þá fór dómurinn yfir hver og ein ummæli en það verður að vísu ekki gert hér. Hluti ummælanna voru talin innan marka tjáningarfrelsisins en önnur ekki. Það sem dómurinn leit til við matið og það sem skipti sköpum var það hvort fyrirvarar höfðu verið gerðir við ummælin, svo sem hvort talað væri um „meinta gerendur“ og „hina grunuðu“. Þau ummæli sem ekki voru sett fram með fyrirvara voru dæmd ómerk þar sem þau fóru út fyrir leyfilegt tjáningarfrelsi og voru því ekki vernduð af 73. gr. stjkskr. Þó taldi dómurinn að þrátt fyrir að fyrirvari væri settur með ákveðnum ummælum þá þóttu þau samt sem áður gefa fast til kynna að mennirnir væru sekir af árásunum sem þeir voru aðeins grunaðir um á þeim tíma.

Fyrir lá að mennirnir höfðu verið kærðir fyrir ætluð brot gegn 194. gr. hgl. og að hafa byrjað stúlkunum ólyfjan og eiturylf. Ummælin þar sem vísað var til þeirra sem grunaðra manna, og hvernig umræddar árásir áttu að hafa verið framdar, voru því ekki úr lausu lofti gripin heldur rakin til kæranna. Taldi dómurinn því ekki ástæðu til að ómerkja ummælin er sneru að slíkri umfjöllun. Dómurinn gat þó ekki fallist á að ummælin, er lätin voru falla á forsíðu Fréttablaðsins 9. nóvember 2015 og á vefmiðlinum, hafi verið innan tjáningarfrelsis stefndu. Vísaði dómurinn til viðtalsins við þáverandi yfirlögfræðing lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem hann sagði ummælin ósönn. Þá taldi hann fyrirsöguna fela í sér staðhæfingu um að mennirnir hafi gerst brotlegir gegn 194. gr. hgl. þrátt fyrir að málið hafi ekki verið rannsakað til hlítar af lögreglu og ekkert enn legið fyrir um meinta sekt mannanna. Jafnframt taldi hann að fyrirsögnin hafi verið til þess fallin að fá lesendur til að bregðast harkalega við og fól í sér aðdróttun gegn stefnendum. Vísaði dómurinn þá nokkrum sinnum í niðurstöðu sinni til þess að ýmis ummæli hafi verið ótímabær og að ógætilega hafi verið farið með framsetningu þeirra. Lögregla hafi enn verið að rannsaka ætluð brot stefnenda og voru þau þar af leiðandi ekki fullrannsökuð þegar fréttirnar voru skrifaðar. Af þeim sökum voru ýmis ummæli talin fela í sér aðdróttun, sbr. 235. gr. hgl. og því fallist á ómerkingu þeirra, sbr. 241. gr. hgl. Annað sjónarmið dómsins við umrætt mat var hvort fréttáflutningurinn hafi verið nauðsynlegur í þágu almennings og markmiðs fjölmiðla til að sinna upplýsingaskyldu sinni.

Að lokum féllst dómurinn á að dæma mönnunum tveimur miskabætur vegna þess miska sem þeir urðu fyrir vegna hinnar harkalegu umfjöllunar hjá fjölmiðlum. Við ákvörðun fjárhæðar bótanna taldi dómurinn að ekki væri hægt að líta fram hjá því hversu oft þeir voru bornir þungum sökum en fréttirnar töldust yfir 30 talsins á rúmlega einni viku. Varðandi framferði fjölmiðla í málinu hafði dómurinn þetta að segja:

Þrátt fyrir að stefnendur hafi aldrei verið nafngreindir í framangreindri umfjöllun þykja stefndu með framsetningu þeirra ummæla, sem fallist hefur verið á að ómerkja, hvorki hafa sýnt nægjanlega hófsemi né þá ábyrgð sem þeim var skylt og þannig ekki uppfyllt þær kröfur sem gera má til þeirra um vandaðan og hlutlausan fréttáflutning. Þá verður ekki séð að lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu eða upplýsingaréttur almennings hafi krafist þessarar framsetningar þrátt fyrir mikilvægi þess að fjalla almennt um rannsókn sakamála, þ.m.t. kynferðisafbrot, í fjölmiðlum. Að mati dómsins gengu stefndu því með umfjöllun sinni of nærri stefnendum og virtu þannig ekki friðhelgi einkalífs þeirra eins og áskilið er í 26. gr. laga nr. 38/2001 um fjölmiðla, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Dómstóllinn dæmdi 13 af 32 ummælum dauð og ómerk. Í kjölfar málalokanna lýsti þáverandi aðalritstjóri Fréttablaðsins yfir óánægju sinni af niðurstöðu málsins og áfrýjaði málinu til Hæstaréttar. Taldi hann niðurstöðuna vera atlögu að fjölmiðlafrelsi í landinu.⁶³ Málið bíður nú eftir að komast til meðferðar hjá Hæstarétti Íslands.

5 Niðurstaða

Í upphafi þessarar ritgerðar var það álitæfni sett fram hvernig fjölmiðlaumfjöllun af sakamálum horfir við meginreglu sérhvers réttarríkis um sakleysi uns sekt er sönnuð. Byrjað var á að fjalla almennt um hugtakið réttarríki og hvað felst í því að ríki sé réttarríki. Því næst var gerð grein fyrir meginreglu réttarríkisins um að maður skuli vera talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Reglan er lögfest í 2. mgr. 70. gr. æðstu réttarheimildar Íslands, stjórnarskránni, en einnig á hún sér ríka stoð í alþjóðasáttmálum. Því næst var umfjölluninni vikið að fjölmiðlum, meðal annars því hlutverki sem þeir gegna í lýðræðisþjóðfélagi, að halda almenningi upplýstum og hvaða lagareglur sem og siðareglur gilda um starfsemi þeirra. Gerð var grein fyrir þeirri togstreitu sem ríkir milli meginreglnanna tveggja um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs, þá einkum út frá ríku tjáningarfrelsi fjölmiðla til þess að tjá sig um sakamál og hvernig það horfir við rétti manns, sem grunaður er í viðkomandi sakamáli, að njóta friðhelgi einkalífs og að vera talinn saklaus þar til dómstóll hefur skorið úr um sekt hans eða sýknu. Varðandi þetta atriði var litið til dómaframkvæmdar hér á landi og var lögð sérstök áhersla á að greina nýlegan dóm héraðsdóms Reykjaness sem sneri að umræddri togstreitu. Því máli var áfrýjað til Hæstaréttar og bíður nú meðferðar sem áhugavert verður að sjá hvernig fer.

Í ritgerðinni kom fram að ólíklegt þyki að aðrir en ríkið geti brotið gegn 2. mgr. 70. gr. stjskr. í ljósi þess að stjórnarskráin bindur fyrst og fremst opinbera valdhafa. Öðrum en ríkinu verður því ekki refsað á grundvelli brota gegn 2. mgr. 70. gr. stjskr. Ritgerðin leiddi þó í ljós að áhrif reglunnar takmarkast ekki aðeins við valdhafa ríkis heldur má sjá af dómaframkvæmd að reglulega er vísað til reglunnar í svokölluðum einkarefsimálum, en það eru til að mynda

⁶³ „Munu áfrýja dómi gegn fréttamönnum 365“, <https://www.vb.is>.

meiðyrðamál. Í slíkum málum er yfirleitt byggt á ákvæðum 71. gr. stjkskr., sem og ákvæðum almennra hegningarlaga og skaðabótalaga sem vernda æru og mannorð manna, en síðan vísað til meginreglunnar í 2. mgr. 70. gr. í rökstuðningi. Þá var einnig fjallað um að það væri ekki hlutverk fjölmiðla að skera úr um sekt eða sýknu heldur væri það hlutverk dómstóla.

Greina má af dómaframkvæmd að það er fin lína milli þess hvort ákveðin ummæli fjölmiðla teljist innan tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjkskr. eða hvort með þeim sé vegið of hart að friðhelgi einkalífs þeirra sem eiga hlut í því sakamáli sem til umfjöllunar er, sbr. 71. gr. stjkskr. Fjallað var um nokkur af þeim sjónarmiðum sem dómstólar líta til þegar þeir meta hvorir hagsmunirnir vegi þyngra. Dómaframkvæmd sýnir að fyrirvari við ummæli skiptir miklu máli upp á það hvort ummælin teljist vernduð af 73. gr. stjkskr. og einnig hvort ummælin séu sett fram sem gildisdómur eða staðhæfing um staðreynd. Þá má greina af dómaframkvæmd að fjölmiðlar verði að gæta meðalhófs í frásögnum sínum af sakamálum. Mikilvægt sé að fjalla um slík mál en ávallt þurfi að huga að því hverju sinni hvort ákveðin framsetning ummæla sé nauðsynleg í þágu upplýsingaréttar almennings og þess hlutverks sem fjölmiðlar gegna í lýðræðisþjóðfélagi.

Sé maður sakaður í fjölmiðlum um að hafa viðhaft saknæma háttsemi, án þess að hann hafi verið dæmdur af dómstólum og enginn fyrirvari er settur við staðhæfingar, er líklegt að ummælin verði dæmd dauð og ómerk komi til meiðyrðamáls, í ljósi þess að þau feli í sér staðhæfingu um staðreynd. Eins og sagði hér að framan varða slík ummæli meðal annars við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. Friðhelgi einkalífs er vafalaust ein mikilvægasta grundvallarreglan sem gildir í lýðræðisríkjum. Brot gegn slíkum grundvallarreglum, sem réttarríkið stendur meðal annars vörð um, verður ávallt að líta alvarlegum augum. Réttarræði eins og miskabætur og viðurkenning dómstóla, á að brotið hafi verið gegn réttindum manns, hlýtur að teljast viss sárabót. Þær geta þó sjaldan bætt að fullu skaðað mannorð og æru.

Í ljósi alls þess sem hér hefur komið fram verður að telja sjálfsagt að fjölmiðlar viðurkenni ábyrgð sína þegar dómstólar komast að niðurstöðu um að þeir hafi gerst brotlegir gegn ofangreindum mannréttindum. Eðlilegt væri að líta á þetta sem tækifæri til þess að læra af mistökum og gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að slíkt komi fyrir aftur. Fjölmiðlar verða að halda sig innan marka laganna eins og allir aðrir og þá er sérstaklega mikilvægt í umfjöllun um sakamál að fjölmiðlar gæti að ummælum sínum í ljósi þess hversu alvarlegar afleiðingar það getur haft fyrir æru og mannorð manna sé farið rangt með mál. Ekki verður séð að verið sé að takmarka tjáningarfrelsi fjölmiðla með því að ómerkja óvægin ummæli þeirra, sem dómstólar telja brjóta gegn 71. gr. stjkskr., og að auki þykja hvorki nauðsynleg fyrir

upplýsingarétt almennings né lýðræðishlutverk þeirra. Það er ekki innan tjáningarfrelsis að koma óorði á annan mann. Af dómaframkvæmd má ráða að sé gætt að fyrirvara um ummæli og að þau feli ekki í sér staðhæfingu um staðreyndir þá hafi fjölmiðlar ríkt frelsi til þess að fjalla um sakamál, þ.á m. nafngreina grunaða menn. Einhvers staðar verða mörkin að liggja hjá fjölmiðlum og um það er dómaframkvæmd alveg skýr. Ef óvíst er um sannindi ummæla eiga fjölmiðlar, sem og aðrir, að forðast að kveða á um, eða jafnvel gefa of sterkt í skyn, að tiltekinn einstaklingur hafi gerst sekur um saknæman verknað, þar til dómstólar hafa endanlega skorið úr um sekt eða sýknu hans. Tjáningarfrelsi fjölmiðla verndar ekki slíkar frásagnir og gengur þá framur meginregla réttarríkisins um sakleysi uns sekt er sönnuð.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Björg Thorarensen: „Dómstólaeftirlit með Alþingi: Breytt valdahlutföll í stjórnskipuninni“. *Stjórnsmál & Stjórnsýsla*, 1. tbl. 2016, bls. 23-45.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*. Reykjavík 2015.

Björn Þ. Guðmundsson: *Lögbókin þín. 2. útgáfa*. Reykjavík 1989.

Eiríkur Jónsson og Halldóra Þorsteinsdóttir: *Fjölmiðlaréttur*. Reykjavík 2017.

Eiríkur Tómasson: „Saklaus uns sekt er sönnuð. Hvað felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar?“. *Afmælisrit til heiðurs Gunnari G. Schram sjötugum*. Ritstj. Ármann Snævarr. Reykjavík, 2002, bls. 121-144.

Íslensk orðabók. 2002. Ritstj. Mördur Árnason. 3. útg. Edda, Reykjavík.

Garðar Gíslason: „Hvað er réttarríki og hverjir eru kostir þess?“. *Tímarit lögfræðinga*, 2. hefti 1983, bls. 66-72.

Jón Þór Ólafsson: „Um fjölmiðla og refsíakvarðanir“. *Úlfjótur*, 2. tbl. 2007, bls. 323-331.

„Munu áfrýja dómi gegn fréttamönnum 365“, <https://www.vb.is>, 26. október 2017 (skoðað 4. apríl 2018).

Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna*. Reykjavík 1997.

Stefán Már Stefánsson: *Um sönnun í sakamálum. 2. útgáfa*. Reykjavík 2013.